

Mánudaginn 17. febrúar 1997.

Nr. 63/1997.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

gegn

samkeppnisráði og

áfrýjunarnefnd samkeppnismála

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Dómstólar. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun máls frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili samkeppnisráð krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Til vara krefst hann þess, að vísað verði frá héraðsdómi kröfu sóknaraðila um, að „felldur verði úr gildi 2. tl. ákvörðunarorða stefnda samkeppnisráðs frá 19. september 1996“. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem lýst er í hinum kærða úrskurði, tók varnaraðili samkeppnisráð mál það, sem hér um ræðir, til meðferðar í kjölfar kvartana af hálfu Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar sf. og Útfararþjónustunnar ehf. Gaf þessi varnaraðili í ágúst 1995 félögunum kost á að skilgreina að nýju „kröfur“ sínar með tilliti til ákvæða sam-

keppnislaga nr. 8/1993. Í bréfi lögmanns félaganna í nóvember 1995 kemur meðal annars fram sú skoðun, að sóknaraðili og Útfararstofa kirkjugarðanna reki starfsemi, sem sé andstæð ákvæðum 18. og 20. gr. samkeppnislaga. Varnaraðili samkeppnisráð tók ákvörðun í málinu 19. september 1996, og eru ákvörðunarorð ráðsins rakin orðrétt í hinum kærða úrskurði. Eins og þar greinir einnig, skaut sóknaraðili þessari ákvörðun varnaraðilans að hluta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem staðfesti ákvörðunina að mestu leyti í úrskurði 27. nóvember 1996.

Pótt efnisleg niðurstaða héraðsdóms í máli þessu kunni að verða á þá lund, að hún hafi áhrif á viðskiptahagsmuni Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar sf. og Útfararþjónustunnar ehf., er ljóst, að félög þessi og varnaraðili samkeppnisráð eiga hvorki óskipt réttindi né óskipta skyldu í málinu. Af þeim sökum er fallist á með sóknaraðila, að málsókn hans sé ekki að þessu leyti andstæð 18. gr. laga nr. 91/1991.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að fyrrnefnd félög hafi talist eiga aðild að ágreiningsmáli því, sem rekið var fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og áður er getið. Er aðildar félaganna því ekki þörf að dómsmáli, þar sem leitað er ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar.

Samkvæmt framangreindu verður ekki tekin til greina aðalkrafa varnaraðila samkeppnisráðs um frávísun málsins í heild frá héraðsdómi.

II.

Varakrafa varnaraðila samkeppnisráðs er studd þeim rökum, að 2. töluliður ákvörðunarorða hans 19. september 1996, sem sóknaraðili leitar niðurfellingar á, hafi að formi til þegar fallið úr gildi með fyrrgreindum úrskurði varnaraðila áfrýjunarnefndar samkeppnismála 27. nóvember 1996. Séu því ekki efni til, að um hana sé fjallað til niðurfellingar eða staðfestingar fyrir dómi eftir það. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili ekki lögvarða hagsmuni af því að krefjast þess, að framangreindur töluliður verði felldur úr gildi með dómi, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 55. gr. samkeppnislaga verður ákvörðun samkeppnisráðs ekki borin undir dómstóla, fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar

samkeppnismála liggur fyrir í máli, en í 56. gr. laganna er aðila, sem vill ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, heimilað að höfða dómsmál innan ákveðins frests til ógildingar á úrskurðinum. Skilja verður þessi lagaákvæði svo, að með þeim sé skilið undan lögsögu dómstóla að kveða sérstaklega á um gildi ákvarðana samkeppnisráðs. Gildir það einnig, þótt slík ákvörðun sé staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, enda er þá ákvörðunin efnislega orðin hluti úrskurðarins. Af þessum sökum og með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 verður framangreind varakrafa varnaraðila samkeppnisráðs tekin til greina.

III.

Varnaraðili samkeppnisráð var gagnaðili sóknaraðila að því máli, sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úrskurð á 27. nóvember 1996. Er því þörf á aðild samkeppnisráðs og sóknaraðila að máli um gildi þessa úrskurðar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sem gegnir hlutverki úrskurðarnefndar á málskotsstigi innan stjórnisýslunnar, hefur hins vegar enga þá lögvarða hagsmuni af úrlausn þessa máls, sem leitt geti til aðildar hennar að því. Er heldur engin réttarfarsnauðsyn á að gefa nefndinni kost á að láta til sín taka dómsmál, sem höfðað er til ógildingar á úrskurði hennar. Verður kröfum sóknaraðila á hendur áfrýjunarnefnd samkeppnismála því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, á hendur varnaraðila áfrýjunarnefnd samkeppnismála er vísað frá héraðsdómi.

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila samkeppnisráði um, að felldur verði úr gildi 2. töluliður ákvörðunarorða varnaraðilans frá 19. september 1996, er vísað frá héraðsdómi.

Að öðru leyti en að framan greinir, er hinn kærði úrskurður

felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnis-meðferðar kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila samkeppnisráði.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1997.

Stefnandi málsins er Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, kt. 690169-2829, Suðurhlíð, Reykjavík, vegna Útfararstofu kirkjugarðanna, kt. 411193-2419, sama stað, en stefndu eru samkeppnisráð, kt. 680269-5569, Laugavegi 118, Reykjavík, og áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Málið er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 7. janúar sl. og þingfest sama dag í Héraðsdómi Reykjavíkur, en stefndu féllu frá stefnufresti.

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur veitti stefnanda heimild til að reka málið sem flýtimeðferðarmál samkvæmt ákvæðum 19. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði úr gildi 2. tl. ákvörðunarorða stefnda samkeppnisráðs frá 19. september 1996 og sá hluti úrskurðar stefnda áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 27. nóvember s. á., sem lýtur að staðfestingu á ákvörðun samkeppnisráðs um stjórnunarlegan aðskilnað milli Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Útfararstofu kirkjugarðanna.

Pá er þess krafist af stefnanda hálfu, að stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verði fram á síðari stigum.

Dómkröfur stefnda samkeppnisráðs eru þessar:

1. Að málinu verði vísað frá dómi, aðallega í heild, en til vara dómkröfu stefnanda um, að „felldur verði úr gildi 2. tl. ákvörðunarorða stefnda samkeppnisráðs frá 19. september 1996“.
2. Verði málinu ekki vísað frá dómi, er þess krafist, að samkeppnisráð verði sýknað af kröfum stefnanda.
3. Þá gerir stefndi samkeppnisráð kröfu til málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti af málflytningsþóknun.

Sótt var þing af hálfu áfrýjunarnefndar samkeppnismála við þingfestingu málsins. Í greinargerð, sem lögð var fram af hálfu nefndarinnar, er tekið fram, að hún geri ekki kröfur í málinu, enda líti nefndarmenn svo á, að áfrýjunarnefnd sé úrskurðaraðili um lagaatriði og hafi ekki hagsmuni af niðurstöðu í þessu máli.

Þinghald í málinu 24. janúar sl. var ekki sótt af hálfu stefnda áfrýjunarnefndar samkeppnismála, og er þátttöku hennar í málarekstrinum þar með lokið. Í því þinghaldi fór fram málflutningur um fram komna frávísunarkröfu stefnda samkeppnisráðs og málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Í frávísunarþætti málsins eru dómkröfur stefnda samkeppnisráðs hinar sömu og tilgreindar eru undir 1. og 3. tölulið hér að ofan. Kröfur stefnanda eru þær, að frávísunarkröfum stefnda samkeppnisráðs verði hrundið og málið tekið til efnisúrlausnar, auk þess sem stefnda verði gert að greiða málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir.

Málavextir eru í stórum dráttum sem hér segir:

Hinn 31. desember 1993 gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfisbréf til rekstrar Útfararstofu kirkjugarðanna samkvæmt heimild 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36/1993. Í tilefni leyfisveitingarinnar báru Lfkkistuvinnustofa Eyvindar Árnasonar sf. og Útfararþjónustan ehf. (sem eftirleiðis verður vísað til sem LEÁ og ÚP) fram kvörtun við umboðsmann Alþingis með bréfi, dagsettu 6. maí 1994. Kvörtun þeirra var reist á því, að ekki hafi verið gætt við útgáfu leyfisins skilyrðis 2. mgr. 21. gr. l. nr. 36/1993 um algeran aðskilnað starfsemi og fjárhags útfararþjónustu á vegum kirkjugarðsstjórnarinnar frá lögboðnum verkefnum hennar. Í bréfi frá 15. nóvember 1994 kemur fram sú skoðun umboðsmanns, að leyfisveitingin sem slík hafi ekki verið andstæð lögum. Hreinn Loftsson hrl., lögmaður LEÁ og ÚP, leitaði því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með bréfum, dags. 9. og 24. mars 1995, og krafðist þess, að leyfið frá 31. desember 1993 yrði afturkallað. Ráðuneytið vísaði erindi lögmannsins til samkeppnisstofnunar með bréfi, dags. 25. júlí 1995. Í bréfi ráðuneytisins segir m. a. svo: „Í bréfi ráðuneytisins til Hreins Loftssonar hrl., dags. í dag, kemur fram sú niðurstaða ráðuneytisins, að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafi ekki brotið ákvæði 2. mgr. 21. gr. kirkjugarðalaga, hvað varðar algeran aðskilnað starfsemi útfararþjónustu og fjárhags henni tengds frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar, nema hvað varðar líksnyrtingu, sem rekin er af KGRP, svo sem nánar greinir í bréfinu. Þar sem ofangreint erindi Hreins Loftssonar hrl. lýtur að hluta til að því, að rekstur Útfararstofu kirkjugarðanna hafi vegna tengsla sinna við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma yfirburðastöðu í samkeppni við önnur fyrirtæki, sem veita sambærilega þjónustu, vísar ráðuneytið hér með þeim hluta erindisins, sem lýtur að rekstri ÚFK og fjárhagslegum aðskilnaði hans frá rekstri annarra verkefna KGRP, og þeim hluta, er lýtur að stöðu ÚFK gagnvart samkeppnisaðilum, til samkeppnisstofnun-

ar, sbr. 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. og 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.“

Samkeppnisstofnun tók málið til meðferðar og gaf Hreini Loftssyni hrl. kost á að skilgreina kröfur umbjóðenda sinna að nýju fyrir stofnuninni, sem hann gerði með bréfi, dags. 24. nóvember 1995.

Í niðurlagi bréfs hans segir, að gera verði kröfu um, að meira komi til en aðeins fjárhagslegur aðskilnaður með tilliti til forsögu málsins.

Stefndi samkeppnisráð ályktaði í málinu 19. september 1996, eftir að lögmennt aðila höfðu margsinnis skilað greinargerðum og komið sjónarmiðum sínum á framfæri, m. a. með því að leggja fram mikið af nýjum gögnum. Mál nr. 32/1996. Ákvörðunarorð ráðsins hljóða svo:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga og 17. gr. laga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um, að aðskilnaður milli rekstrar Útfararstofu kirkjugarðanna og starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skuli fara fram með eftirfarandi hætti eigi síðar en 1. janúar 1997:

1. Útfararstofa kirkjugarðanna skal færa árlega til gjalda og greiða markaðsvexti af stofnframlagi til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma samkvæmt mati löggilts endurskoðanda.

2. Kirkjugarðsstjórn skal skipa sérstaka framkvæmdastjórn fyrir útfararstofuna. Framkvæmdastjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir útfararstofuna. Framkvæmdastjórn útfararstofunnar skal ekki skipuð sömu mönnum og framkvæmdastjórn kirkjugarðanna, og sami maður skal ekki gegna starfi framkvæmdastjóra útfararstofunnar og kirkjugarðanna. Laun framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra útfararstofunnar skulu greidd af Útfararstofu kirkjugarðanna.

3. Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma er ekki heimilt að greiða hugsanlegt rekstartap útfararstofunnar eða leggja fram frekara stofnframlag til fyrirtækisins, meðan það er í samkeppnisrekstri.

4. Öll viðskipti milli Útfararstofu kirkjugarðanna og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skulu vera eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, og skal greiða markaðsverð fyrir vörur og þjónustu, sem annar aðilinn selur hinum.

5. Útfararstofa kirkjugarðanna skal breyta heiti sínu á þann veg, að tengsl fyrirtækisins við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma séu ekki sjáanleg í nafni þess. Einnig verði tengsl í kynningar- og markaðsstarfi rofin.“

Stefnandi og Útfararstofa kirkjugarðanna undu þremur liðum ákvörðunar stefnda samkeppnisráðs, en kærðu til meðstefnda áfrýjunarnefndar samkeppnismála ákvæði 2. tl. ákvörðunarorðanna um stjórnunarlegan að-

skilnað og 5. tl. þeirra. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurðaði í málinu 27. nóvember 1996. Niðurstaða áfrýjunarnefndar var sú, að 2. tl. ákvörðunar stefnda samkeppnisráðs um stjórnunarlegan aðskilnað skyldu standa óhögguð, en felldi hins vegar úr gildi fyrri hluta fyrirmæla í 5. tl. ákvörðunarorðanna um breytingu á heiti Útfararstofu kirkjugarðanna, en staðfesti síðari hluta þeirra um rof á tengslum í kynningar- og markaðsstarfi, enda hafði stefnandi ekki gert sérstakar athugasemdir við það atriði.

Mál þetta lýtur því að úrlausn þess, hvort 2. tl. ákvörðunarorða samkeppnisráðs, sem staðfestur var af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, skuli felldur úr gildi, svo sem stefnandi gerir kröfu til.

Málsástæður og lagarök stefnda samkeppnisráðs.

Frávísunarkrafa stefnda er tvíþætt.

Aðalkrafa hans lýtur að frávísun málsins í heild, en til vara er krafist frávísunar á þeirri dómkröfu stefnanda, að felldur verði úr gildi 2. tl. ákvörðunarorða stefnda samkeppnisráðs frá 19. september 1996.

Stefndi styður aðalkröfu sína þeim rökum, að stefnandi geti ekki fengið dóm um kröfur sínar án þess að stefna LEÁ og ÚP til varna í málinu, enda séu þetta þeir aðilar, sem öðrum fremur eigi hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins. Þeir hafi átt frumkvæði að rekstri þess frá upphafi með því að óska eftir álitum umboðsmanns Alþingis á rekstrarleyfi því, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitti Útfararstofu kirkjugarðanna 31. desember 1993, og síðan kært leyfisveitinguna til sama ráðuneytis, sem vísað hafi erindinu til samkeppnisstofnunar. Við meðferð málsins hjá samkeppnisráði hafi aðild þeirra verið viðurkennd og þeir gert þar sjálfstæðar kröfur og gegnt hlutverki kæranda. Sama hafi orðið uppi á teningnum við meðferð þess fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Þar hafi verið leitað umsagnar talsmanns LEÁ og ÚP, sem hafi skilað nefndinni greinargerðum og gert þar sjálfstæðar kröfur.

Því sé ljóst með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að ekki verði komist hjá að stefna þeim aðilum, sem átt hafi frumkvæði að málinu og annast rekstur þess fyrir samkeppnisfyrirvöldum, þegar gerð sé krafa um ógildingu ákvarðana, sem varða kærðu þeirra.

Stefndi byggir á því, að því er varðar frávísun málsins að hluta, að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi fjallað efnislega um ákvörðunarorð samkeppnisráðs, m. a. þann hluta þeirra, sem stefnandi gerir kröfu til, að felldur verði úr gildi í máli þessu. Áfrýjunarnefndin sé æðra sett stjórnvald, sem gegni því hlutverki að endurskoða þær ákvarðanir samkeppnisráðs, sem beint sé til hennar. Ákvörðun samkeppnisráðs sé ekki lengur í gildi. Hún

hafi fallið niður við úrskurð áfrýjunarnefndar, enda þótt nefndin hafi staðfest hana að efni til. Því sé út í hött að krefjast ógildingar á ákvörðun samkeppnisráðs í máli þessu, og beri að vísa þeirri kröfu frá dómi. Þetta komi greinilega í ljós í 56. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, en þar segi, að bera skuli úrskurði áfrýjunarnefndar undir dómstóla. Með vísan til þessa hafi stefnandi ekki lögvarða hagsmuni af þeirri kröfu sinni, sem lýtur að ógildingu 2. tl. í ákvörðunarorðum samkeppnisráðs, sbr. 1. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í þessum þætti málsins, að óþarft hafi verið að stefna LEÁ og ÚT til varna í málinu. Við meðferð þess fyrir samkeppnisráði hafi þeir ekki verið beinir aðilar að málinu né heldur þegar áfrýjunarnefndin hafi fjallað um það. Málið hafi upphaflega borist samkeppnisyfirvöldum fyrir atbeina dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þeim aðilum, sem stefndi nefnir hér til sögu, hafi hins vegar verið gefinn kostur á að skýra sjónarmið sín fyrir umræddum stjórnvöldum með tilliti til afskipta þeirra af málinu á fyrri stigum þess og á grundvelli fyrirsmála stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar að lútandi. Stefnandi bendir á í þessu sambandi, að samkeppnisráð hefði getað tekið málið til meðferðar að eigin frumkvæði með vísan til 2. mgr. 5. gr. og 17. gr. laga nr. 8/1993, eins og stefndi bendi raunar á. Í því tilviki hefði samkeppnisráði verið jafnskýlt að stjórnsýslulögum að leita umsagnar LEÁ og ÚT og gefa þeim kost á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum með tilliti til afskipta þeirra á fyrri stigum málsins. Því sé ljóst, að umræddir aðilar hafi ekki aðilastöðu í þessu máli fremur en aðrir þeir, sem reki útfararþjónustu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða hljóti niðurstaðan að verða sú, að frávísunarkröfum stefnda verði hrundið.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og að framan er lýst, varð kæra lögmanns LEÁ og ÚP til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kveikjan að máli því, sem hér er til úrlausnar. Við meðferð þessa hjá samkeppnisráði var lögmanni þeirra gefinn kostur á að skilgreina kröfur umbjóðenda sinna að nýju fyrir ráðinu. Með bréfi, dags. 24. nóvember 1994, gerði lögmaðurinn grein fyrir sjónarmiðum umbjóðenda sinna. Í niðurlagi bréfsins segir, að gera verði kröfu um, að meira komi til en aðeins fjárhagslegur aðskilnaður með tilliti til forsögu málsins. Málið var flutt skriflega hjá samkeppnisráði, og átti lögmaðurinn m. a. hlut þar að. Samkeppnisráð virðist í meginatriðum fallast á kröfur og sjónarmið LEÁ og ÚT, m. a. þá, sem er til úrlausnar í máli þessu. Við meðferð máls-

ins fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála tóku umræddir aðilar til varna við hlið samkeppnisráðs og gerðu þar sjálfstæðar kröfur.

Mál það, sem hér er til úrlausnar, er beint framhald þeirrar málsmeðferðar, sem varð hjá samkeppnisyfirvöldum. Þar var aðild LEÁ og ÚP að málinu ekki dregin í efa vegna þeirra hagsmuna, sem talið var, að þessir aðilar hefðu af málalokum.

Það er álit dómsins, að umræddir aðilar hafi lögvarða hagsmuni af úrslitum þessa dómsmáls.

Pau undirstöðurök, sem lögin um meðferð einkamála og stjórnsýslulög hvíla á, leiða til þess að mati dómsins, að óhjákvæmilegt sé að beina málinu jafnframt gegn Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar sf. og Útfararþjónustunni ehf. og gefa þeim kost á að grípa til varna gegn kröfum stefnanda og þola efnisdóm í samræmi við kröfur hans.

Þessu til áréttingar vísast til 55. og 56. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með hliðsjón af þessum lagaákvæðum þykir sýnt, að umræddir aðilar hefðu haft heimild til að leita atbeina dómstóla, ef úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefði orðið andstæður hagsmunum þeirra. Með sama hætti verður að telja, að rétt hafi verið að stefna þeim til varnar, þegar svo háttar, að niðurstaða áfrýjunarnefndar er þeim í hag.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á aðalkröfu stefnda um frávísun málsins í heild. Reynir því ekki á varakröfu hans í málinu.

Rétt þykir, eins og hér háttar til, að málskostnaður falli niður.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
